

Fundargerð fyrsta fundar stjórnar Skógfræðingafélags Íslands.

(haldinn í Hvannahúsinu á Hvanneyri, mánudaginn 30. apríl 2012)

1. Stjórn sem er af vestursvæði þetta kjörtímabil, skipti með sér verkum. Formaður kjörinn á aðalfundi er Lilja Magnúsdóttir. Valdimar Reynisson, kt. 100965-4379 verður gjaldkeri, en Sigvaldi Ásgeirsson, kt. 100350-4089 verður ritari. Varamaður í stjórn er Sighvatur Þórarinsson, Höfða í Dýrafirði.
2. Farið yfir fjármál félagsins og gerðar ráðstafanir til að gjaldkeri fengi félagaskrá til innheimtu félagsgjalda.
3. Ályktanir frá aðalfundi Skógfræðingafélagsins:

a. Um skógræktaráætlanir:

Aðalfundur Skógfræðingafélags Íslands, haldinn á Húsavík 27. mars 2012, beinir því til umhverfisráðherra, að í nýjum skógræktarlögum verði ákvæði þess efnis að skógræktaráætlanir skuli gerðar af skógfræðingum, eigi þær að teljast gildar.

Greinargerð: Á vegum umhverfisráðherra starfar nú nefnd við að endurskoða skógræktarlög. Þar er m.a. fjallað um gerð mismunandi skógræktaráætlana, allt frá ræktunaráætlunum fyrir einstök skógræktarsvæði til landsáætlunar í skógrækt. Í framhaldinu er ætlunin að lagafrumvarp verði samið. Sú þekking, sem skógfræðingar búa yfir, er nauðsynlegur grunnur fyrir bæði stefnumótun og ákvarðanatöku, sem fylgir áætlanagerð í skógrækt. Aðrar fagstéttir, svo sem skipulagsfræðingar eða landslagsarkitektar, búa ekki yfir þeirri þekkingu, sem til þarf. Því er eðlilegt, að skógfræðingum verði ætlað þetta hlutverk skv. lögum.

b. Skógfræðingar og skipulagsmál, sbr. fundargerð aðalfundar:

Aðalfundur Skógfræðingafélags Íslands, sem haldinn var á Húsavík 27. mars 2012, beinir því til Umhverfisráðherra, að vilji sveitarfélög fá ræktunaráætlun vegna skógræktar fyrir nýjar skógræktarjarðir til samþykktar eða synjunar, verði það sett sem skilyrði, að skógfræðingur geri áætlunina og að fh. sveitarfélagsins yfirfari hana einnig fullmenntaður skógfræðingur.

c. **Um stöðu skógræktarmála innan Stjórnarráðs Íslands:**

Aðalfundur Skógfræðingafélags Íslands, haldinn á Húsavík 27. mars 2012, hvetur stjórnvöld til að sjá til þess, við fyrirhugaðar breytingar á verkaskiptingu ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands, að skógræktarmál (framkvæmdir, stjórnsýsla, nýsköpun/rannsóknir) verði á hendi eins ráðuneytis: atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis.

Greinargerð/rökstuðningur:

Skógrækt í landinu er að stórum hluta atvinnu- og nýsköpunarmál. Núverandi staða skógræktarmála innan stjórnarráðsins er óviðunandi og ávísun á stjórnsýslulega óskilvirgni, óhagræði og skerta starfsorku. Sú staðreynd að skógræktarmál eru klofin milli ráðuneyta gerir þau

að olnbogabarni, sem skaðar hagsmuni skógræktar og landsmanna allra. Að öðru leyti er vísað til umsagnar Skógfræðingafélags Íslands vegna frumvarps til laga um tilfærslu verkefna innan Stjórnarráðs Íslands, mál 130 (dags. 9. nóv. 2007).

4. Starf félagsins á næstu árum.

- a. Bjarni Diðrik Sigurðsson sjái um endurofnun heimasíðu Skógfræðingafélags Íslands og haldi utan um hana, þar til annað verður ákveðið.
 - b. Netfang Skógfræðingafélagsins verði þannig úr garði gert, að allur póstur á það berist til okkar þriggja og tengiliðar okkar á Norðurlandi, sbr. liður c.
 - c. Ritnefnd: Hlutverk nefndarinnar verður að kynna skógrækt og og menntun skógfræðinga á jákvæðan og upplýsandi hátt með hliðsjón af markmiðum Skógfræðingafélags Íslands í grein 2 í lögum félagsins. Ritnefnd hafi umsjón með greinaskrifum fyrir almenning og skógræktaráhugafólk og fái félagsmenn til að skrifa stuttar greinar um sérsvið sitt og annað sem ritnefnd telur líklegt til að auka jákvæða umræðu um skógrækt. Greinarnar verði birtar í fjölmiðlum og á heimasíðu félagsins eftir því sem ritnefnd ákveður frekar. Tillaga um ritnefnd: Brynjar Skúlason, formaður, Þröstur Eysteinnsson og Björgvin Örn Eggertsson, auk Bjarna Diðriks sem umsjónarmanns heimasíðu og Lilju Magnúsdóttur, sem tengiliðar við stjórn félagsins, var einróma samþykkt.
5. Endurmenntunarnefnd. Hana hafa skipað: Harpa Dís Harðardóttir, formaður, Björgvin Örn Eggertsson og Bjarni Diðrik Sigurðsson. Ákveðið að ræða við núverandi nefnd og kanna, hvort hún telji sig vera virka. Ef ekki leggjum við til að nýja nefnd skipi: Björn B. Jónsson, Aðalsteinn Sigurgeirsson og Arnór Snorrason.
6. Gunnarssjóður: Stjórn Skógfræðingafélagsins, ásamt Ragnhildi Freysteinsdóttur, mynda stjórn sjóðsins. Valda falið að setja sig í samband við Ragnhildi. Kanna hvort haldnar hafi verið árlegar samkomur í Haukadal. Athuga, hvenær minningarlundurinn var stofnaður.
7. Félagatal. Ritari þarf að fá félagatalið sent frá fyrri stjórn (frá Lilju). Aukaaðild að félaginu: Nú hafa 7 nemendur í skógfræðum sótt um aukaaðild. Þeir eru: Hraundís Guðmundsdóttir, Trausti Jóhannsson, Ívar Örn Þrastarson, Þórveig Jóhannsdóttir, Bergþóra Jónsdóttir, Tryggvi Marínósson og Brynjar Sigurðsson. Skv. lögum félagsins eru þau þar með aukaaðilar að félaginu, fá send gögn frá því og eru boðuð á fundi, en hafa ekki atkvæðisrétt.
8. Samskipti innan félagsins. Tölvupóstur er gott samskiptaform, bæði til fréttamiðlunar og umræðna. T.d. verði umsagnir um lagafrv. sendar út á póstlistann, eftir að gerð hafa verið drög að umsögn. Haft verði samráð við, Þröst, Aðalstein og Hallgrím Indriðason og aðra eftir atvikum og eðli málsins.

Fundargerð ritaði Sigvaldi Ásgeirsson